

Skólasókn nemenda

Punktakerfi í 7. – 10. bekk

Í Grunnskóla Reyðarfjarðar er haldið utan um skólasókn nemenda í Mentor. Vikulega fá foreldrar sent yfirlit yfir skólasókn barna sinna. Í vetur ætlum við að taka upp punktakerfi fyrir nemendur 7. – 10. bekkjar. Skólasóknareinkunn miðast við skólaárið í heild. Nemandi í 7. – 10. bekk byrjar með skólasóknareinkunnina 10 við upphaf skólaárs. Skólasóknareinkunn lækkar í hlutfalli við fjölda fenginna punkta eins og hér að neðan greinir:

- Við óheimila fjarvist fær nemandi **3 punkta** fyrir hverja kennslustund.
- Komi nemandi til kennslustofu eftir að kennari hefur lesið upp nafnalistann telst hann seinn og fær **1 punkt**. Komi hann 15 mínútum of seint fær hann óheimila fjarvist og þar með **3 punkta**.
- Komi til þess að fjarlægja verði nemandi úr kennslustund eða vísa honum út vegna truflunar á kennslu fær nemandi **4 punkta**.
- Komi nemandi ekki með tilskilin gögn í kennslustund eða með viðeigandi fatnað í íþróttir fær hann **1 punkt**.
- Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að fylgjast með punktastöðu barna sinna á Mentor. Aðgangsorð að Mentor fæst á skrifstofu skólans.
- Þegar nemandi er kominn með **10 punkta** hefur umsjónarkennari samband við foreldra viðkomandi og gerir þeim grein fyrir stöðu mála og útskýrir næstu skref ef skólasókn lagast ekki.
- Þegar nemandi er kominn með 20 punkta skal umsjónarkennari funda með foreldrum og viðkomandi nemandi og leita lausna. Á fundi umsjónarkennara með foreldrum útskýrir hann næstu skref ef skólasókn lagast ekki.
- Takist ekki að finna lausn á skólasókn nemandi og nemandi er kominn með **30 punkta** vísar umsjónarkennari máli viðkomandi til úrlausnar skólastjóra sem getur, í samráði við foreldra vísað málinu til nemendaverndarfundar og/eða félagsþjónustu.

Á öllum stigum máls geta málsaðilar kallað eftir ráðgjöf og handleiðslu sérfræðiþjónustu skóla.

Nemandi getur sótt um hækkun skólasóknareinkunnar sinnar til umsjónarkennara. Punktastaða breytist ekki en skólasóknareinkunn hækkar um 0,5 fyrir hverja viku sem skólasókn er **óaðfinnanleg** frá umsókn um hækkun. Þannig getur skólasóknareinkunn nemandi hækkað allt að einkunninni 9,0.

Samningur um hækkun skólasóknareinkunnar fellur úr gildi fái nemandi punkt eftir að samningur hefur verið gerður við hann.

Fái nemandi 6 punkta eða minna á öllu skólaárinu hlýtur hann sérstaka viðurkenningu við lok skólaársins.

Punktar	Einkunn
0 - 3	10
4 - 6	9,5
7 - 9	9
10 - 12	8,5
13 - 15	8
16 - 18	7,5
19 - 21	7
22 - 24	6,5
25 - 27	6
28 - 30	5,5
31 - 33	5
34 - 36	4,5
37 - 39	4
40 - 42	3,5
43 - 45	3
46 - 48	2,5
49 - 51	2
52 - 54	1,5
55 og fleiri	1